



## VÍGSLA ÞJÁLFUNAR- OG LAUGAHÚSS AÐ REYKJALUNDI

### **Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni 4. janúar 2002**

Reykjalundur hefur löngum verið tákni þess árangurs sem við Íslendingar höfum náð í glímunni við alvarlega sjúkdóma og SÍBS hefur sýnt á glæsilegan hátt hverju samtakamáttur, áræðni og þrautseigja fá áorkað.

Enn á ný er fagnað merkjum áfanga í sögu Reykjalundar og SÍBS með opnun þjálfunar- og laugahúss sem færa mun sjúkum betri heilsu, þrek og þol, bjartsýni á lífið og vongleði í hjarta.

Þjóðin samfagnar ykkur á þessum tímamótum og þakkar hið fórnfúsa starf sem hér hefur verið unnið í áratugi. Þær skipta þúsundum fjölskyldurnar sem hugsa hlýtt til Reykjalundar og minnst með gleði þess sem SÍBS hefur gert fyrir sjúka.

Ég kom ungur drengur til Reykjalundar til að heimsækja með móður minni vini hennar frá berklahælinu á Vífilsstöðum en á Reykjalundi höfðu þau fundið nýjan lífsþrótt og starf við hæfi.

Með opnun byggingarinnar í dag eru Reykjalundur og SÍBS í upphafi 21. aldar að sanna að sú hugsjón sem var á fyrstu árunum leiðarljós starfseminnar er enn lifandi veruleiki, að löngunin til að veita öðrum heilsu á ný og skapa með sjúkum tiltrú á eigin getu er enn sá vegvísir sem hér er fylgt.

Ég færi forráðamönnum SÍBS og Reykjalundar einlægar þakkir íslenskrar þjóðar fyrir ótult starf og forystu í umsköpun íslenskra heilbrigðismála og bið þess að gæfa fylgi öllum þeim sem starfa munu á þessum nýja og glæsilega vettvangi, að áfram muni þúsundir landsmanna ganga heilsubetri og vonglaðari til síns heima að lokinni góðri dvöl á Reykjalundi.

Við gleðjumst öll á þessum degi.  
Hamingjuóskir.

Ólafur Ragnar Grímsson